
*Fornleifaskráning innan deiliskipulagsreita á Svínhólum
og í Össurárdal í Lóni*



Lilja Laufey Davíðsdóttir

FS641-16331
Fornleifastofnun Íslands ses.
Reykjavík
2016



*Ljósmynd á forsíðu er af smalakofa SF-014:029 í Össurárdal í Lóni. Horft er til norðausturs.
Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.*

© 2016

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

NETFANG: fsi@instarch.is


www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	9
4. Deiliskráningarsvæðin.....	11
5. Fornleifaskrá	13
SF-014 Svínhólar	13
6. Niðurstöður.....	20
Lokaorð.....	21
Heimildaskrá.....	23
Óprentaðar heimildir	23
Vefsíður	23
Viðauki 1: Hnitaskrá í ISN93	24
Viðauki II: Minjakort	25

1. Inngangur

Í nóvember 2016 var gert samkomulag milli Fornleifastofnunnar Íslands og Mannvits um fornleifaskráningu á þremur deiliskipulagsreitum innan jarðarinnar Svínhóla í Lóni. Þar er fyrirhugað að reisa hótél og tengt því er áformað að byggja aðstöðu fyrir starfsfólk ásamt því að leggja veg upp að hótelinu. Deiliskipulagsreitirnir sem teknir voru út voru svæði suðaustan við bæjarstæði Svínhóla þar sem gert er ráð fyrir að byggja aðstöðu starfsfólk, reitur fyrir sjálft hótelið sem ráðgert er að byggja innst í Össurárdal og veglína inn dalinn vestanverðan að hótelinu. Samanlagt voru reitirnir sem skráðir voru tæpir 40 ha og fundust þar 11 minjastaðir.



Mynd 1. Staðsetning fyrirhugaðra framkvæmda á jörðinn Svínhólar í Lóni, í Austur-Skaftafellssýslu

Fornleifaskráningin fór fram dagana 7. og 8. desember 2016 og gekk með ágætum vegna þeirrar veðurbliðu sem ríkti í fyrri hluta desember og er frekar óvenjuleg fyrir þennan árstíma. Fornleifafræðingarnir Lilja Laufey Davíðsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og Kristjana Vilhjálmisdóttir unnu verkið. Kristjana vann heimildaskráningu en Lilja Laufey og Lísabet sáu um skráningu á vettvangi. Úrvinnsla, kortagerð og skýrslugerð var í höndum Lilju Laufeyjar.

Við skráninguna voru notaðar loftmyndir sem sveitafélagið lagði til verksins. Minjastofnun Íslands lánaði Trimble Geoexplorer tæki til uppmælinga og er þeim færðar þakkir fyrir lánið.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar Íslands. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd, í þeim þriðja er farið yfir þær aðferðir sem notaðar eru við skráninguna, í fjórða kafla er fjallað um deiliskráningarsvæðin þrjú, í fimmta kafla er sjálf minjaskráin og í þeim sjötta og síðasta verður farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni eru viðaukar með hnitaskrá og minjakortum sem sýna dreifingu minja á deiliskipulagsreitunum þremur.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hætt á að áður óþekktar minjar finnast við jarðrask.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í byrjun desember 2016 fór fram úttekt á fyrirhugðum skipulagssvæðum á jörðinni Svínhólar austur í Lóni. Enginn heimildamaður sem er fróður um hugsanlega minjastaði á jörðinni fannst en Svínhólar hafa verið í eyði frá árinu 1960. Áður en farið var á vettvang voru loftmyndir af svæðinu skoðaðar vel og vandlega. Þegar komið var á vettvang var hver deiliskipulagsreitur genginn í þaula og staðsetning þeirra minjastaða sem fundust skráð niður. Á hverjum minjastað var staðháttu getið, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn var að finna og minjunum lýst. Hnit voru tekin á öllum minjastöðum og þar sem minjarnar sáust voru þær mældar upp með Trimble Geoexplorer 6000 gps mælingartæki sem fengið var að láni frá Minjastofnun Íslands. Ljósmyndir voru teknar af hverjum minjastað og ástand allra minja var metið. Sömuleiðis var metið hvort að minjastaðirnir töldust vera í hættu og þá hverskonar hættu.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur



Mynd 36. Tóft 041, horft til suðvesturs

heitir Geitakofi og ber við loft frá bæ séð," segir í örnefnaskrá. Geitakofi er um 100 vestan heimatúnsins, á litlu holti eða hól. Fyrir vestan heimatúnið hækkar landið upp á svokallað holtaröð. Þar er tóft á holtinu sem eins og nafnið ber með sér var geitakofi. Tóftin er áberandi og sést vel þegar komið er upp á holtaröðina. Geitakofi er 30 m austan við miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs. Virgiröðing er 20-30 m vestan við tóftina.

Óræktað tún er umhverfis tóftina. Það hefur líklega verið sléttað að einhverju leyti. Þarna er gras, fjalldrapi og lyng í stórbýfi á köflum.

Tóftin er 8x8 m að stærð, einföld og hringlaga. Hún er opin til NNV. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, 2-3 m.

Hættumat: hættu, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö- Halldórsstaðir, 10

hætta sem stöðjar að fornleif

heimild sem vitnað er í,
nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2. Dæmi um framsetningu minjastaðar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands

fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum og er mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar. Oft voru mörk merkjanlegra minja einnig mæld upp til þess að staðsetja þær enn betur. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálft ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna átlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Deiliskráningarsvæðin

Deiliskráningin á Svínhólum í Lóni var gerð vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Um er að ræða þrjú ólík skipulagsvæði sem samtals eru um 40 ha að stærð. Svæðið innst í dalnum, þar sem hótelið mun rísa eru tæpir 6,5 ha. Veglínin inn dalinn, upp að hótelinu er um 3 km löng og var áhrifasvæði hennar talið 25 m út frá miðlínu (samtals 50 m belti) og var því áhrifasvæði vegar tæpir 15,5 ha. Þriðja svæðið sem var kannað er deiliskipulagsreitur suðvestan við gamla bæjarstæði Svínhóla. Langstærstur hluti þessa svæðisins er mýri og er svæðið tæpir 18 ha að stærð.




Mynd 3. Gilið innst í Össurárdal. Horft til norðurs.

Deiliskipulagsreitirnir þrír voru gegnir í þaula og fundust alls 11 fornminjar á svæðunum þremur. Engar minjar fundust á svæði 1 þar sem hótelið mun rísa. Þar er lítið gil í landinu og falla tveir fossar sitthvoru megin við norður- og suðurmörkin á því. Rétt norðan við syðri fossinn er grasi gróið svæði í gílinu. Á svæði 2, við væntanlegt vegstæði fundust sex minjastaðir. Þrír af minjastöðunum

fundust í innan við 25 m radíus frá veglínunni en hinir þrír innan við 100 m frá henni. Ákveðið var að skrá alla þessa minjastaði þar sem lega vegstæðis var gróflega áætluð af framkvæmdaaðila og víst var að tekið yrði tillit til landslagsins á svæðinu við ákvörðun á nákvæmri staðsetingu veglínunnar. Því var ljóst að það væri hagræði að því að hafa upplýsingar um umræddar fornleifar með í fornleifaskrá ef legu vegarins skyldi eitthvað hnikað til á síðari stigum. Á svæði 3, við heimatún Svínhóla, fundust fjórir minjastaðir. Þrír þeirra voru innan svæðisins en einn rétt fyrir utan. Þar sem afmörkun skipulagsreits var gróflega áætluð var einnig hafður sá háttur á skrá fjórða minjastaðurinn með, þrátt fyrir að hann væri rétt utan deiliskipulagsreits.

Hér á eftir, í fimmta kafla, er að finna skrá yfir þá minjastaði sem fundust innan deiliskráningarsvæðanna eða rétt utan þeirra. Fleiri þekkta minjastaði, sem höfðu verið skráðir við heimildaskráningu, var að finna við og utan heimatúnsins en þeir voru ekki teknir með í þessa vettvangsskráninguskráningu sökum þess hve langt fyrir utan áhrifasvæðin þeir voru og

Því ekki í neinni hættu með að verða fyrir áhrifum vegna framkvæmda miðað við upplýsingar frá framkvæmdaraðilum.



Mynd 4. Staðsetning deiliskipulagssvæðanna þriggja á Svínhólum í Lóni

5. Fornleifaskrá


SF-014 Svínhólar

Svínhólar voru 6 hundruð árið 1695 samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 330. Bærinn var talinn 6 hundruð og í bændaeign árið 1847 samkvæmt Jarðatali Johnsens, 2. 30.júlí árið 1475 seldi Finnur Magnússon prestur, Þorsteini Árnasyni Hvalnes í Lóni fyrir Árbæ á Rangárvöllum. "Sagdi hann þessari jördu [Hvalnesi] fylgia ætti [...] eingiteig í Svijnholajördu með ummerkium [...]," DI V, 798. 3.ágúst árið 1525 færir Ögmundur birkup Ásgrími Ásgrímssyni jarðirnar Kvísker og Breiðármörk en "hier j mot hefer hann feingit oss jardernar minna fiord og suinhola er liggia j stafhollzkirkiu sokn til fullrar eignar og frials forrædis," DI IX, 274-275.

"Svínhólar eiga skógarítak á Bæjarda, sen nefnist Svínhólatungur, takmörkin eru; að utanverðu lækjarsytra, sem kemur fram upp af árgljúfrinu innanverðu; að innanverðu eru mörkin lækur sá er rennur framan við Mosvelli. Hvalnes á ítak í Svínhólalandi, sem nefnist Hvalnesleira, mörkin um hana eru þessi: Að vestan Þrætukíll upp að dýi, úr því dýi í upphlaðið mark (hornmark) úr því ráða upphlaðin mörk í Silungaholu úr því ræður Hvalneskíll mörkum ofan í Lón," segir í Landamerkjabréfi no. 140.

Árið 1842 segir í Sýslu og sóknalýsingum, 31: "Svínhólar, [...] heyskaparjörð landlítill, áfoksjörð af sandi, og nokkuð vetrarhörð, helst í norðaustanátt. Skógur enginn en á öllum þessum jörðum er silungsveiði á sumrum, og lúruveiði nokkur."

Í Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu segir um Svínhóla: "Túnið er slétt og grasgefið, austur frá því er gróðurlítið, örfoka land við Össurá. Engjarnar eru utan við Össurá, skammt frá bæ. Land það er flatt og blautlent, en sæmilega grasgefið, er Bæjarós stóð uppi. Þar á Hvalnes ítak, slægjublett, sem kallast Hvalnesleira. Fyrir hana kom tiltekinn fjörustúfur frá Hvalnesi. Þann fjörustúf létu Svínhólar af hendi til Bæjarjarðar gegn hristöku á Bæjardal, þar sem kallast Svínhólatunga. Heimahagar eru nærliggjandi bæði fyrir vestan bæ og austan, samhliða þar landinu utan Össurár. Afréttin er Össurárdalur, sem er lítil dalskvompa. Fé þaðan leitar mjög til annarra afrétta, einkum austur á bóginn. Torfrista er góð, vatnsból gott, mótaka engin. Til hlunninda telst silungsveiði í Lóninu." Jörðin fór í eyði árið 1960 samkvæmt Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu I, 43.



Mynd 5. Kúavað 014:011, horft til norðausturs

Heimildir: Ö-Svínhólar, 1

"Í dalkjafi er Balahæð, þá Kúalágar; þar er Kúavað yfir ána og Kúavaðsfoss framan við það," segir í örnefnaskrá. Vaðið er tæpa 750 m norðvestan við þjóðveginn og tæpa 210 m suðaustan við vörðu 026. Við árbakkann er nokkur gróður; mosi, gras og lyng en grýtt er alveg við ána.

Vaðið sést ágætlega og liggur lítil gata frá því austan megin við árbakkan og upp á holtið. Þetta er eini staðurinn á svæðinu þar sem auðvelt er að fara yfir ána en bæði norðan við það og sunnan við eru gil og klettur. Vaðið er hluti af leið 034 ásamt vörðum 026, 027, 028 og 030. Vaðið er um 70 m austan við miðlínu ráðgerðs vegar á deiliskipulagssvæði 2 og er því ekki innan stórhættusvæðis út frá veglínu.

Hættumat: Hætta vegna vegagerðar



Mynd 6. Réttin á Réttarhálsi 014:019, horft til suðausturs. (Heimild: 360° götusýn á Já)



Mynd 7. Búið að fjarlægja réttina, horft til

Réttarhálsar eru merktir inn á örnefnakort norðvestur af bæjarhóli 001, nærri þjóðvegi. Rétt var fast við girðinguna við þjóðveginn, rúmum 300 m vestan við bæ 001 og 5 m sunnan við þjóðveg. Réttin sést vel á loftmyndum frá 2013 en var horfinn þegar svæðið var skoðað í desember 2016. Á svæðinu er nú mikil mól, bæði utan og innan við girðingu og sést að átt hefur eitthvað við veginn. Þar sem réttin stóð er smávegis lág í landinu.

Hægt var að lýsa réttinni nokkuð vel á loftmyndum og á vegamyndum sem sýna 360 gráðu sýn á svæðinu. Af þeim að dæma virðist hún hafa verið um 16 x 13 m að stærð og snéri ASA-VNV. Hún var grjóthlaðin og hafa veggir verið um 0,5 m á hæð. Hún var opin til suðurs. Enginn veggur var hlaðinn til norðurs heldur hefur hún afmarkast af girðingunni sem liggur samsíða þjóðveginum. Réttin skiptist í tvö hólf og hefur það minna verið 9 x 3 að innanmáli og það stærra verið 10 x 9 m að innanmáli. Réttin er í norðvestur jaðri deiliskipulagssvæðis 3 og því í stórhættu vegna framkvæmda tengdum honum.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Örnefnakort; 360° götusýn á Já, 2016.

SF-014:026 varða samgöngubót

A: 707803 N: 444979



Mynd 8. Varða 014:026, horft til norðurs

tengdum.


Hættumat: Stórhætta vegna vegagerðar

Varða er 220 m norðvestan við Kúavað 011 og rúmum 970 m norðvestan við Þjóðveg. Hún er á litlum hól 40 m vestan við ána. Vegslóði liggur framhjá henni inn dalinn. Hólinn er mosa og lyngivaxinn en þess á milli glittir í ógróna mól og steina.

Varðan er 1 x 1 m að stærð og er hrunin til norðausturs. Hún er 0,6 m á hæð og sést í 3 umför af hleðslu. Hún hefur verið ágætlega hlaðin og sést það vel á suðurendanum. Þar er hún ekki hrunin og þar sést að hún hefur verið ferköntuð. Líklega hefur þessi varða verið hluti af leið inn dalinn líkt og þrjár aðrar vörður 027, 028 og 029 í dalnum. Þessi varða hefur ef til vill vísað á Kúavað 011, leiðina yfir ána. Varðan er um 16 metra frá miðlinu ráðgerðs vegar á deiliskipulagssvæði 2 og því í stórhættu vegna framkvæmda honum

SF-014:027 varða samgöngubót

A:707623 N: 445057



Mynd 9. Varða 014:027, horft til norðurs

Hættumat: Hætta vegna vegagerðar

Varða er 190 m norðvestan við vörðu 026. Hún er í rótum fjallsins þar sem gömul skriða hefur fallið. Vegslóði inn dalinn liggur 30 austan við vörðuna. Skriðan sem varðan er byggð á er nokkuð mosagróin en einnig er mikið um staka steina sem standa upp úr.

Varðan er 1,5 x 1 m að stærð og er byggð upp á stórum stein sem hefur hrúnað niður úr fjallinu með skriðunni. Ofan á hann hafa verið hlaðin 3 umför af grjóti. Varðan snýr austur- vestur og er 1,4 m á hæð. Hún er vandlega hlaðin. Þessi varða er líklega hluti af leið sem hefur legið vestan megin í dalnum frá Kúavaði 011 en vörður 026, 028 og 030 hafa einnig verið leiðarvísar fyrir hana. Varðan er um 50 metra frá miðlinu ráðgerðs vegar á deiliskipulagssvæði 2 og er því ekki innan stórhættusvæðis út frá veglinu.

SF-014:028 varða samgöngubót

A: 707453 N: 445759



Mynd 10. Varða 014:028, horft til suðvesturs

Varða er tæpa 840 m norðvestan við vörðu 027 og tæpa 2 km norðvestan við Þjóðveg. Vegslóði inn dalinn er rétt vestan við hana. Varðan er ekki uppi á hól eins og hinar vörðurnar. Umhverfis er grasi vaxið flatlendi með smávegis mosagróðri.

Varðan er mjög hrunin og nánast útflött. Hún er 1 x 1 m að stærð og 0,1 - 0,2 m á hæð. Erfitt er að segja hversu vel hlaðin hún var þar sem hún er alveg hrunin og er nú aðeins a grjóthrúga. Neðstu steinarnir eru grónir að hluta til. Þessi varða er líklega hluti af leið sem hefur legið vestan megin í dalnum frá Kúavaði 011 en vörður 026, 027 og 030 hafa einnig verið leiðarvísar fyrir hana. Varðan er tæpa 2 m frá miðlínu ráðgerðs vegar á deiliskipulagssvæði 2 og því í stórhættu vegna framkvæmda honum tengdum.


Hættumat: Stórhætta vegna vegagerðar

SF-014:029 tóft+garðlag smalakofi

A: 706912 N: 446068



Mynd 11. Smalakofi 014:029, horft til norðaustur



Mynd 12. Uppmæling af smalakofanum

Tóft og garðlag eru 350 m norðvestan við vörðu 028 og 2,3 km norðvestan við Þjóðveginn. Tóftin er hlaðin í lítinn hól, í vesturhlíð hans og liggur vegslóðinn inn dalinn 1 m austan við hólinn og tóftina. Hólinn er mosa- og grasi vaxin og áin rennur austan við í gílinu.

Minjasvæðið samanstendur af lítilli tóft og garðlagi sem hlaðið er sem framhald af norðausturvegg hennar. Minjasvæðið er 7 x 2,5 m á stærð og þar af er tóftin 3 x 2,5 m að stærð og er garðlagið tæpir 4 metrar. Tóftin er opin til SSA og innanmál hennar er 2 x 1,5 m. Hæð veggja er 0,5 m. Tóftin og garðlagið eru grjóthlaðin og snúa norðvestur - suðaustur. Þau eru hlaðin upp við stóra steina á hólnum. Innan tóftarinnar, á norðaustur vegg hennar er búið að leggja hellu yfir grjótið þannig að hún myndar lítið skjól með þaki. Staðsetning tóftarinnar og stærð hennar og lag bendir helst til að hún hafi verið byggð sem smalakofi þar sem setið hefur verið yfir kindum. Frá hólnum er ágæstis útsýni og tóftin hefur veitt skjól fyrir veðri og vindum við yfirsetuna. Smalakofinn er rúmum 4 metrum vestan við miðlínu ráðgerðs vegar á deiliskipulagssvæði 2 og því í stórhættu vegna framkvæmda

honum tengdum.

Hættumat: Stórhætta vegna vegagerðar

SF-014:030 varða samgöngubót

A: 706654 N: 446115



Mynd 13. Varða 014:030, horft til norðurs

Varða er í fjallshlíðinni tæpum 270 m norðvestan við smalabyrgi 029 og 2,5 km frá þjóðvegi. Varðan er á litlu holti vestan við vegslóða sem liggur inn dalinn. Holtið er mosa- og grasi vaxið. Í holtinu eru einnig melur þar sem sést í grjóti og grófa mól. Lítil lækur rennur sunnan við holtið.

Varðan er hlaðin á vesturendann á flötum, stórum steini sem snýr vestur - austur. Hún er 1,5 x 1 m á stærð og snýr austur - vestur. Hún er 0,8 - 0,9 á hæð og er hlaðin 3-4 umförum af grjóti. Þessi varða er líklega hluti af leið sem hefur legið vestan megin í dalnum frá Kúavaði 011 en vörður 026, 027 og 028 hafa einnig verið leiðarvísar fyrir hana. Varðan er tæpum 160 m suðvestan við miðlinu fyrirhugaðs vegar á deiliskipulagssvæðið 2 og er því ekki innan stórhættusvæðis út frá veglinu.


Hættumat: Hætta vegna vegagerðar

SF-014:031 garðlag óþekkt

A: 443618 N: 707444



Mynd 14. Garðlag 014:031, horft til suðausturs



Mynd 15. Uppmæling á vettvangi af

Hlaðið garðlag er 300 m VNV við bæ 001 og 60 m suðaustan við þjóðveg. Það liggur við norðurjaðar mýra á svæðinu, nokkrum metrum sunnan við rétt 019 sem hefur nú verið fjarlægð. Þar er deig mýri til suðurs en þurr grasi og mosavaxið svæði til norðurs.

Garðlagið snýr austur-vestur og er alls 12 m langt. Það skiptist niður í tvo 4,5 m langa búta og eru 3 m á milli þeirra. Garðlagið er 0,5 m á breidd og 0,4 - 0,5 m á hæð. Það er hlaðið úr frekar stóru grjóti og minni steinum hlaðið upp á milli þeirra stóru, til að fylla upp í götin. Það er ein röð af grjóti í garðlaginu og 1-3 umför. Hlutverk garðlagsins er óþekkt en það gæti hafa markað af mýrarsvæðið eða verið í tengslum við rétt 019 en það er beint fyrir neðan lágina sem réttin stóð í. Hugsanlega hefur það verið innrekstrargarður fyrir réttina. Garðlagið er í

norðvestur jaðri deiliskipulagssvæðis 3 og því í stórhættu vegna framkvæmda tengdum honum.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:032 náma mógrafir

A: 707187 N: 443357



Mynd 16. Mógrafir 014:032, horft til suðausturs

Mógrafir eru rúma 640 m suðvestan við bæ 001 og rúma 380 m frá rétt 019. Þær eru í mýrarjaðri, nokkru frá austasta túni Svínhóla. Þar hækkar mýrarsvæðið til norðurs. Þar er nú grasi gróið svæði og smávegis mosi og mýrargróður. Hafið er 90 m sunnan við mógrafirnar.

Mógrafirnar eru þrjár talsins og er svæðið sem þær ná yfir 7 x 3,5 m í heildina. Þær eru 0,3 - 0,4 m djúpar og allar mjög blautar. Þær eru frekar ferhyrningslaga en þó einnig óreglulegar á köflum. Mógrafirnar þrjár liggja í nokkuð beinni röð norðaustur-suðvestur. Mógrafirnar eru við miðbik deiliskipulagssvæðis 3 og í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Hættumat: Stórhætta vegna framkvæmda

SF-014:033 þúst óþekkt

A: 707569 N: 443513



Mynd 17. Þúst 014:033, horft til suðvesturs

Þúst er 40 m sunnan við núverandi bæjarstæði og tæpum 250 m suðvestan við bæ 001. Þústin er þar sem heimreiðin heldur áfram sunnan við bæ og beygir til austurs í gegnum túnin. Þústin er í jaðri gamla heimatúnsins. Þar er nú grasi vaxið, smáþýft og óræktað svæði. Lítið mýrarsvæði vestan við hana og gamla heimatún bæjarins til austurs.

Þústin er 7 x 4 m á stærð og snýr austur-vestur. Innra lag hennar er ógreinilegt en þó sést óljóst móta fyrir veggjum og opi á norðurhlið hennar. Þeir eru 0,2 m á hæð. Það sést sömuleiðis móta fyrir óljósri dæld í miðjunni. Þústin er mjög nálægt heimatúninu eða um 20 m utan við (austan) við deiliskipulagsreit 3 og því ekki innan stórhættusvæðis vegna

fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Hún var hinsvegar tekin með í athuginina sökum þess hve nálægt framkvæmdareitnum hún er.

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda



Mynd 18. Leið 014:034 austan Össurár, horft til austurs

og vesturs. Þar sem leiðin liggur til austurs yfir vað 011, er hugsanlegt er að hún liggir að seljaörnefnum þeim sem er að finna austan megin í dalnum eða sé hluti af stærri leið sem hefur legið í gegnum svæðið en svæðið austan Össurár var heldur ekki skoðað í skráningunni.

Leiðin liggur á köflum innan og yfir miðlínu ráðgerðs vegar og er því í stórhættu vegna framkvæmda honum tengdum.

Hættumat: Stórhætta vegna vegagerðar


Leið liggur frá Kúavaði 011 og inn Össurárdal, rúmum 800 m norðvestan við Þjóðveg. Þar er nú gróið svæði, vaxið grasi, mosa og lyngi. Gróinn vegslóði liggur inn dalinn, ef til vill á svipuðum slóðum og leiðin lá á sínum tíma.

Í dag sjást fá ummerki um leiðina sjálfa. Hún sést sem mjó kindagata austan við vað 011 og á litlum hluta skráningarsvæðisins sjást nokkrir samhliða götupartar sem hugsanlega eru hluti af leiðinni þrátt fyrir að virðast ekki mikið umfangsmeiri en kinda-götur. Vað 011 og vörður 026, 027, 028 og 030 gefa til kynna að leiðin hafi legið frá vaðinu og inn Össurárdal. Innsta varðan er rúmum 2,5 km norðvestan við Þjóðveg en svæðið þar inn af var ekki skoðað í þessari skráningu. Fleiri vörður gætu því verið á svæðinu, sem leiðarvísar yfir fjöllin og niður í næstu sveitir til norðurs

6. Niðurstöður

Skráðar voru fornleifar á þremur svæðum í landi Svínhóla og samtals tekið út um 40 ha stórt svæði. Á svæðinu innst í Össurárdal stendur til að byggja hótél (á svæði 1 á mynd 20), að því mun liggja vegur (svæði 2 á mynd 20) og ráðgert er að byggja aðstöðu fyrir starfsfólk stutt frá núverandi bæjarstæði Svínhóla (svæði 3 á mynd 20).

Fornleifaskráningin var unnin dagana 7.-8. desember 2016. Alls fundust 11 minjastaðir innan deiliskráningarsvæðanna. Á skráningarsvæði 1, þar sem sjálft hótelið mun rísa, fundust engar fornleifar. Á skráningarsvæði 2 sem er áhrifasvæði fyrirhugaðs vegar, fundust sjö minjastaðir; fjórar vörður, vað, leið og smalakofi. Á svæði 3, þar sem stendur til að reisa aðstöðu fyrir hótélstarfsmenn, fundust fjórir minjastaðir; rétt, mógrafir, óþekkt þúst og óþekkt garðlag. Allar minjarnar voru taldar í hættu eða stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda eða vegagerðar. Þeir minjastaðir sem voru innan marka deiliskipulagssvæðanna voru metnir í stórhættu en þeir sem voru rétt utan við þau í hættu.



Mynd 19. Taflan sýnir hættumat fornleifa; hverju þeim stafar hættu af og hversu mikil hún er

Ekki kom á óvart að flestar fornleifarnar sem fundust í Össurárdal væru vörður. Þar voru skráðar fjórar vörður sem allar voru flokkaðar sem samgöngubót og tengjast að öllum líkindum leið 034. Leiðarinnar er ekki getið í heimildum og óvíst er hver tilgangur hennar var. Hún hefur legið frá vaði 011 og 1,8 km inn dalinn vestan verðan, þar sem innsta varðan fannst. Dalurinn hækkar mikið á þessu svæði og ef leiðin liggur áfram þá hefur hún legið yfir fjöllin og niður í næstu sveitir. Leiðin bendir því til þess að einhver umferð hafi verið um dalinn, hvort sem gangandi eða ríðandi. Smalakofi 029 fannst 2,3 km inn dalinn við leið 034 og bendir hann

til þess að dalurinn hafi verið nýttur til beitar. Innsta varðan sem tengist leið 034 er rúmum 260 metrum innan við smalakofan. Leiðin liggur því framhjá smalakofanum og lengra til norðvesturs sem bendir til þess að hún hafi ekki eingöngu verið ætluð fyrir smalakofann heldur sé hluti af stærri leið. Hlutverk annarra minjastaða sem fundust voru mógrafir og rétt en hlutverk tveggja minjastaða var óþekkt. Óþekktu fornleifar voru báðar á deiliskráningarsvæði 3. Annarsvegar var skráð lítil þúst 033 rétt austan við svæðið og hinsvegar grjóthlaðið garðlag 031 sem aðskildi mýrar og þurrt svæði.


Eins og áður hefur komið fram fundust engar fornleifar innan deiliskráningarsvæði 1. Af þeim sex fornleifum sem fundust innan áhrifasvæðis veglínu, (deiliskráningarsvæði 2) voru þrjár þeirra í stórhættu. Tvær varðanna, 027 og 030, eru fyrir utan 50 m beltið sem var til úttekta en þar sem staðsetning veglínunnar er gróflega áætluð voru þær teknar með í skráninguna. Vað 011 er í ánni og mun því ekki verða fyrir neinu hnjaski við lagningu vegsins. Hinsvegar er varða 026 um 16 m frá áætlaðri veglínu og varða 028 er aðeins 3 m frá henni og eru þær báðar því í stórhættu. Meintur smalakofi 029 er einnig mjög nærri ráðgerðum vegi, eða tæpa 5 m miðlínu áætlaðs vegar og svipað langt frá vegslóðanum sem liggur inn dalinn. Kanna þarf hvort hægt sé að færa veglínu þar sem hún er áætluð mjög nærri minjum en það gæti reynst erfiðleikum háð við smalakofatóft þar sem að dalurinn er nokkuð þröngur á þessum parti.

Á deiliskráningarsvæði 3 fundust fjórir minjastaðir. Þúst 033 var fast utan við deiliskipulagsreit og því ólíklegt að framkvæmdir þar muni hafa áhrif á hana. Tveir minjastaðir eru í norðausturhorni skipulagsreits; rétt 019 sem er horfin í dag og garðlag 031. Við miðbik svæðisins eru mógrafir 032 í jaðri mýrarsvæðisins. Líklega ætti að vera hægt að komast hjá raski á minjum á svæði 3.

Lokaorð

Á skipulagsvæðunum við Svínhóla fundust 11 minjastaðir sem taka þarf tillit til við uppbyggingu svæðisins. Auðvelt ætti að vera að komast hjá raski á sjö minjastöðum af þessum 11 en fjórir minjastaðir eru mjög nálægt fyrirhugaðri veglínu á deiliskipulagssvæði 2. Hér er sérstök athygli vakin á grjóthlaðinni tóft 029 sem líklega er smalakofi. Hann er frekar innarlega í dalnum, þar sem dalurinn er þröngur. Minjastofnun Íslands mun úrskurða um áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar og um mögulegar mótvægisaðgerðir ef þörf þykir. Þar

sem verður ekki komist hjá raski, mun Minjastofnun Íslands einnig útskurða um það hvort og þá með hvaða skilmálum fornleifarnar mega víkja.



Mynd 20. Kort sem sýnir staðsetningu minjastaðanna innan deiliskráningarreitanna þriggja

Heimildaskrá

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu (1971). I. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* (I-XV) (1857-1972). Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.

JJ: Johnsen, J (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 (1997). Reykjavík: Sögufélag.

Óprentaðar heimildir

Túnakort: Túnakort Svínhóla (1920). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Landamerkjabréf: *Skaftafellssýsla. Landamerkjabók 1884-1958*. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Ö-Svínhólar: Örnefnaskrá Svínhóla. Stefán Einarsson skráði. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Örnefnakort: Örnefnaloftmyndir af Svínhólum [án árs]. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Örnefnasafn.

Vefsíður

360° götusýn á Já (2016). Skoðað 13. desember 2016 á
<https://ja.is/kort/?type=aerialnl&x=707399&y=443669&z=6&ja360=1&jh=132.6>

Viðauki 1: Hnitaskrá í ISN93

<i>Samtala</i>	X	Y
<i>SF-014:011</i>	707940	444812
<i>SF-014:019</i>	707422	443656
<i>SF-014:026</i>	707804	444977
<i>SF-014:027</i>	707623	445059
<i>SF-014:028</i>	707153	445753
<i>SF-014:029</i>	706911	446006
<i>SF-014:030</i>	706655	446111
<i>SF-014:031</i>	707437	443614
<i>SF-014:032</i>	707186	443354
<i>SF-014:033</i>	707573	443508
<i>SF-014:034</i>	707847	444879

Viðauki II: Minjakort

